

**Nd.**

**736. Frumvarp til laga**

[340. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1984 að lækka ríkisútgjöld um allt að 370 m. kr.

2. gr.

Samanlögð fjárveiting og lántaka Lánasjóðs ísl. námsmanna skal eigi nema hærri fjárhæð en 658 m. kr. á árinu 1984.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki skal hlutfallstala lána af reiknaðri fjárförf námsmanna á árinu 1984 miðuð við það fjármagn sem Lánasjóður ísl. námsmanna hefur til ráðstöfunar, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 95/1981 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. er heimilt að greiða framlög úr ríkissjóði á árinu 1984 vegna þess halla sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1983—1984 er nemi allt að 468 m. kr. Framlög umfram 468 m. kr. verði ekki greidd úr ríkissjóði á árinu 1984.

4. gr.

1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga orðist svo:

Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra, sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum. Skal Innheimtustofnunin skila Tryggingastofnun ríkisins innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist og skal það ganga upp í meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunarinnar. Það sem á vantar að Tryggingastofnunin hafi fengið meðlög að fullu endurgreidd með slíkum skilum skal Innheimtustofnun sveitarfélaga greiða, sbr. 1. mgr. 4. gr., innan tveggja mánaða frá því að meðlag var greitt.

5. gr.

4. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga orðist svo:

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Innheimtustofnunni það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunarinnar, sbr. 3. gr., og greiðslu rekstrar-kostnaðar hennar. Skulu greiðslur Jöfnunarsjóðs inntar af hendi það tímanlega að Innheimtustofnun geti staðið í skilum við Tryggingastofnunina á réttum gjalddögum skv. 3. gr.

Skal innheimtustofnunin láta Jöfnunarsjóði í té fyrir 30. apríl hvert ár reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið ár.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal hafa gert fullnaðarskil til Innheimtustofnunarinnar, sbr. 1. mgr., fyrir 1. júní ár hvert miðað við reikningsskil í lok undanfarandi árs.

6. gr.

2. mgr. 74. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 11/1982 um breytingu á þeim lögum, orðist svo:

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.—3. mgr. 73. gr. mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Um skil vegna óinnheimtra skulda fer eftir ákvæðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

7. gr.

Prátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1984 eigi nema hærri fjárhæð en 495 m. kr. og greiðslur af verðtollstekjum eigi nema hærri fjárhæð en 100 m. kr.

8. gr.

3. mgr. 45. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum orðist svo:

Samlagsmenn njóti sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi, séu þeir óvinnufærir a. m. k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðreynd af lækni.

9. gr.

1. másl. a-liðar 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum orðist svo:

Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings, sem Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd sjúkrasamlaga hefur gert samning við.

10. gr.

b-liður 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum orðist svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun heilsugæslulæknis/heimilislæknis hjá sérfræðingum, sem Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd sjúkrasamlaga hefur samning við. Fyrir hverja komu til sérfræðings greiði sjúklingur sérfræðingi gjald, sem ákveða skal með reglugerð.

11. gr.

1. mgr. 44. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður, greiða sjúkrasamlög í samræmi við samninga, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert fyrir þeirra hönd, eða samkvæmt gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra setur, séu samningar ekki fyrir hendi, sem hér segir:

12. gr.

Í stað „37,5%“ í 1. másl. 2. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum komi: 25%.

13. gr.

Í stað „75%“ í 3. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum komi: 50%.

14. gr.

Í stað „75%“ í 1. og 2. mgr. 4. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum komi: 50%.

15. gr.

5. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 orðist svo:

Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta a. m. k. hálftrar tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega, 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem Tryggingaráð setur í allt að 100%.

16. gr.

Frá gildistöku þessara laga til 1. apríl 1985 er greiðsla samkvæmt b-lið 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum ekki háð tilvísun heilsugæslulæknis/heimilislæknis.

17. gr.

Niðurlag 88. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 11 árum eftir gildistöku laganna.

## II. KAFLI

18. gr.

Á árinu 1984 skal ríkissjóður greiða sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1983, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 19. og 20. gr. laga þessara.

19. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 12 000 kr. með hverju barni.

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1983 fer fram úr 220 000 kr., uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 370 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1983 fer fram úr 150 000 kr., uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 300 000 kr.

20. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 2,4% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 750 þús. kr., uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 1 250 þús. kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 1 000 þús. kr., uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 1 500 þús. kr.

21. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd 18.—21. gr. laga þessara.

22. gr.

Á tímabilinu 1. júní 1984 til 31. desember 1984 skal innheimta við tollafgreiðslu sérstakt gjald af fullnum fódurblöndum og hráefni í fódurblöndur sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10.01.10	11.01.22	23.04.20
10.01.20	11.02.21	23.04.30
10.02.00	11.02.29	23.04.40
10.03.00	11.02.39	23.04.50
10.04.00	17.03.01	23.04.60
10.05.00	23.02.10	23.04.70
10.07.10	23.02.20	23.04.80
10.07.20	23.02.30	23.04.90
10.07.30	23.03.00	23.06.00
11.01.21	23.04.10	23.07.00

Gjald skal nema kr. 1,30 af hverju kílógrammi.

Undanskilin gjaldtöku eru fódursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fódur sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í 5 kg smásöluumbúðum eða minni og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis.

23. gr.

Um gjald skv. 22. gr. skulu gilda eftir því sem við getum átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

24. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð eða öðrum fyrirráðum um framkvæmd gjaldtöku skv. 22. gr.

### III. KAFLI

25. gr.

Á tímabilinu 1. maí 1984 til 31. desember 1985 er Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu sem heimiluð er í 31. gr. laga nr. 13/1979.

26. gr.

Félagsmálaráðherra f.h. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er heimilt að taka allt að 150 m. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að gera upp gjaldfallnar skuldir Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Vexti og afborganir af láni þessu greiðir Jöfnunarsjóðurinn af tekjum sínum óskiptum, sbr. ákvæði h-liðar 8. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lántöku þessa með sjálfskuldarábyrgð eða taka jafnhátt lán og endurlána það Jöfnunarsjóði.

27. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 1 222 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

28. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlend lán á árinu 1984 að fjárhæð 680 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána til atvinnuvega.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að bregðast við vanda sem við blasir að öllu óbreyttu í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum á árinu 1984.

Fyrir skömmu var lögð fram á Alþingi skýrsla um afkomu ríkissjóðs á árinu 1983, en þá kom glöggt í ljós hversu háður hagur ríkissjóðs er almennri þróun efnahagsmála þjóðarinnar.

Efnahagshorfur fyrir árið 1984 eru nú heldur bjartari en þær þóttu um síðastliðin áramót. Í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1984, sem lögð var fram á Alþingi í októbermánuði sl., voru taldar horfur á 2,4% samdrætti í þjóðarframleiðslu. Endurskoðuð spá Þjóðhagsstofnunar í janúar síðastliðnum gaf til kynna enn meiri samdrátt eða 4,4%, en þá var tekið mið af þeim aflakvótum, sem ákveðnir voru í lok ársins 1983. Frá því þessi spá var gerð hafa aflakvótar á þorskveiðum verið hækkaðir, loðnukvótinn var jafnframt rýmkaður mjög og loðnuafllinn á fyrstu mánuðum þessa árs varð um 440 þús. tonn. Jafnframt hefur gerð almennra kjarasamninga verið lokið. Endurskoðun þjóðhagsspár á þessum breyttu forsendum bendir til meiri framleiðslu og tekna en áður var talið, og virðast horfur nú á því að samdráttur þjóðarframleiðslu 1984 verði um eða innan við 2%. Að hluta stafar rýrnun þjóðarframleiðslu af aukinni byrði vaxta af erlendum lánnum, þannig að samdráttur landsframleiðslu gæti orðið minni.

Sé gert ráð fyrir að allur sá afli náist, sem leyfður hefur verið, og loðnuafllinn verði um 600 þúsund tonn á árinu (þ. e. um 160 þúsund tonn næsta haust), má búast við að sjávarvöruframleiðslan aukist um 5% í stað þess að hún minnki um 2½% eins og horfur voru á í janúar. Útflutningsframleiðslan í heild ykist þá um 6—7%, enda er séð fram á verulega aukningu í iðnaðarvöruframleiðslu til útflutnings. Niðurstaða hinna almennu kjarasamninga varð heldur meiri hækkun kauptaxta en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 1984, en jafnframt mun meiri framleiðsla hafa í för með sér meiri atvinnu og tekjur en áður þótti líklegt. Loks ákvað ríkisstjórnin í tengslum við gerð kjarasamninga að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum í félags- og skattamálum er auka kaupmátt á þessu ári. Nú eru taldar horfur á, að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna verði í heild um 5½% minni á þessu ári en var á sl. ári og um 6½% minni á mann. Þetta er svipuð rýrnun og reiknað var með í þjóðhagsáætlun sl. haust en 2½% minni rýrnun en horfur þóttu á í janúar á grundvelli fjárlagaforsendna og þáverandi horfa um afla og framleiðslu. Á þessum forsendum er einkaneysla nú talin dragast saman um 5%, en miðað við að húsnæðis- og heilbrigðisútgjöld neyslunnar minnki ekki felst í þessu 6—7% samdráttur í einkaneyslunni að öðru leyti. Þessum samdrætti fylgja óhjákvæmilega minni umsvif í þeim greinum er starfa fyrst og fremst fyrir innlendan markað, t. d. verslun og ýmsum þjónustu- og viðgerðargreinum.

Í þjóðhagsáætlun var reiknað með að samneysla og fjárfesting drægjust nokkuð saman á árinu frá því sem var í fyrra. Nú þykja hins vegar fremur horfur á, að samneyslan verði lík því sem var í fyrra og fjárfestingin minnki frekar lítið. Þjóðarútgjöld (án birgðabreytinga) eru á þessum forsendum talin verða 4% minni en í fyrra en að birgðabreytingum meðtöldum er samdrátturinn um 2%. Meiri þjóðarútgjöldum og framleiðslu fylgir meiri innflutningur vöru og þjónustu og er hann alls talinn aukast um 1% á árinu, en það er svipuð aukning og nú þykir sennilegt hvað útflutningstekjur varðar. Horfur um viðskiptakjör eru nú þær að

naumast sé unnt að gera ráð fyrir viðskiptakjarabata. Því er ekki talið líklegt að viðskiptahallinn við útlönd minnki að marki á árinu og hann verði um 2% af þjóðarframleiðslu.

Verulegur árangur hefur náðst í viðureigninni við verðbólguna og hefur árshraði hennar undanfarna mánuði verið 10—15%. Eftir tímabundna aukningu í kjölfar kjarasamninga á fyrsta fjórðungi ársins er því nú spáð, að verðbólguhraðinn í árslok verði um 10%. Hvort tekst að halda áfram að draga úr verðbólgu, er ekki síst undir því komið að girt verði fyrir alvarlegan halla á ríkisbúskapnum og fyllsta aðhalds verði gætt í stjórn peningamála, þannig að gengi krónunnar megi halda sem stöðugustu. Það er megingiltgangur þessa frumvarps að stuðla að framgangi slíkrar stefnu, sem er í samræmi við þann ásetning ríkisstjórnarinnar að festa verði sköpuð með raunhæfri gengisstefnu, sem ásamt aðhaldssamri fjármála- og peningastefnu myndi umgerð ákvarðana í efnahagslífinu.

Þessi viðhorf réðu gerð fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Við athugun á ríkisfjármálum í ársbyrjun kom í ljós, að héldi sem horfði yrði ríkissjóður ekki rekinn á árinu 1984 án verulegs greiðsluhalla. Endurskoðun á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkisins sýndi að útlit væri fyrir að ríkisfjármálin yrðu þensluvaldur í efnahagslífinu, kæmu ekki til forvarnaaðgerðir.

Árið 1983 dróst neysla og fjármunamyndun saman um 6% og sem fyrr segir eru nú horfur á 4% samdrætti á þessu ári. Óbeinir skattar, þ. e. skattar af veltu, nema um 80% af tekjum ríkissjóðs og dragast því sjálfkrafa saman þegar samdráttur verður í þjóðarútgjöldum. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til að draga úr umframneyslu í þjóðfélaginu, sem lýsti sér í miklum innflutningi og viðskiptahalla, koma því vitaskuld niður á tekjum ríkissjóðs. Á hinn bóginn eru útgjöld ríkisins að miklu leyti bundin af ákvæðum gildandi laga og útgjaldaáformum, sem erfitt er að breyta innan fjárlagaársins nema með sérstökum ráðstöfunum.

Þróun peningamála sýnir ennfremur ýmis einkenni þenslu, þótt raunvextir hafi hækkað að mun vegna hjöðnunar verðbólgu. Útlánaaukning bankakerfisins er enn verulega umfram verðlagsbreytingar. Á þessu eru ýmsar skýringar, og sumar tímabundnar, m. a. erfið rekstrarfjárstaða atvinnuveganna, einkum sjávarútvegs. Við bætist síðan erfið lausafjárstaða bændu, sem gerir tilkall til lánsfjárfyrirgreiðslu.

Af þessum sökum er nauðsynlegt að gripið verði til aðhaldsaðgerða á sviði peningamála. Mikilvægasta forsenda þess að betra jafnvægi náist á lánamarkaði um þessar mundir er þó að komið verði í veg fyrir alvarlegan halla á ríkissjóði.

Auk greiðsluhalla ríkissjóðs hefur að undanfögnu einnig komið fram á peningamarkaði misvægi sem enn gætir víða í hagkerfinu vegna verðbólgu og áfalla síðustu ára. Jafnframt því að gerðar séu ráðstafanir til þess að jafna fjárlagahallann, ber því nauðsyn til þess að herða aðgerðir af hálfu Seðlabankans til þess að ná jafnvægi í peninga- og lánamálum.

Á árinu 1983 varð greiðsluhalli á ríkissjóði sem nam 1 260 m.kr. Á fyrsta fjórðungi þessa árs varð nýr yfirdráttur við Seðlabankann 884 m.kr. til samanburðar við 780 m.kr. á sama tíma fyrir ári. Staðfestir það í meginráttum horfurnar á alvarlegum greiðsluhalla, að óbreyttum aðstæðum, annað árið í röð. Með frv. því sem hér liggur fyrir er hallinn á ríkissjóði helmingaður innan marka rekstrarreiknings en það, sem á vantar, mun mæða á lánamarkaði, einkum erlendum lánum.

Sjálfvirk endurkaup afurða- og rekstrarlána atvinnufyrirtækja af viðskiptabönkum og sparisjóðum eru einn veikasti hlekkurinn í stjórn peningamála og er auk ríkissjóðshallans helsta uppspretta nýrrar peningabenslu, jafnt við gott árferði sem á erfiðleikatímum. Sökum hinna sérstöku erfiðleika, sem steðjað hafa að um sinn, hefur veruleg fjárhæð skuldbreytingalána sjávarútvegsins bæst við endurkaupafyrirgreiðsluna.

Hefur þannig enn ágerst sá þráláti vandi undanfarinna ára, að endurkaupin hafa farið að marki fram úr innlánsbindingunni og þannig valdið öndverðum almennum efnahags-

áhrifum við það sem þurft hefði. Í lok mars sl. námu endurkaup ásamt verðbréfum 5 910 m.kr. eða um 500 m.kr. meiru en nam bundnum innlánnum ásamt áföllnum vöxtum.

Hinir margþættu annmarkar endurkaupakerfisins hafa orðið til þess, að ríkisstjórnin setti í upphaflega stefnuskrá sína það ákvæði, að afurða- og rekstrarlán atvinnuveganna skyldu færð til viðskiptabanka og sparisjóða. Liggur nú fyrir ríkisstjórninni tillaga frá Seðlabankanum um samhliða lækkingu allra endurkaupa um sem næst 5 prósentustig eða nálægt tíunda hluta þeirra.

Við þau skilyrði í þjóðarbúskapnum, sem nú ríkja, steðjar vandinn í stjórn peningamála að frá báðum hliðum: peningauppsprettu frá ríkissjóðshalla, endurkaupum og erlendum lánnum annars vegar og mikilli lánsfjáreftirspurn hins vegar til þess að mæta viðtækum fjárhagsörðugleikum fyrirtækja og einstaklinga. Þessu fylgir mikið álag á bankakerfið og hefur leitt til mikillar aukningar útlána. Á fyrsta fjórðungi ársins hafa útlán aukist um 9,1% og innlán með áætluðum vöxtum um 8,9%, eða um 42% að ársvexti, meðan verðbólgustig telst um eða innan við 15%, en aukning þessi svarar jafnframt til nálægt tvöfaldri meðalársávöxtun á vegum innlánsstofnana. Óhagstæð þróun inn- og útlána hefur leitt til neikvæðra lausafjárstöðu innlánsstofnana um tveggja ára skeið, og var hún neikvæð um 1 029 m.kr. í marslok.

Þar til peningalegur sparnaður hefur aukist verulega á ný er óhjákvæmilegt að beita ströngu aðhaldi að útlánnum með hliðsjón af lausafjárstöðu innlánsstofnana. Að undanfögnu hefur Seðlabankinn hert aðhald að lausafjárfyrirgreiðslu við innlánsstofnanir, gert þeim að endurgreiða sérstök lán frá fyrra ári og bundið þær samkomulagi um útlánamörk, meðan verið er að koma lausafjárstöðunni í lag. Þessari stefnu verður fram haldið af fyllstu einbeittni. Auk þess verður að koma til strangara aðhald að erlendri stöðu bankanna.

Við þær aðstæður sem nú ríkja telur Seðlabankinn ekki ráðlegt að breyta vöxtum óverðtryggðra útlána, þrátt fyrir allháa raunvexti. Á það sjónarmið hefur ríkisstjórnin fallist. Seðlabankinn hefur lýst því yfir að hann muni ekki heimila hækkun útlánsvaxta, þótt innlánsstofnanir hafi hækkad innlánsvexti um sinn í samkeppni um sparifé, sem bundið er til sex mánaða eða lengur. Nú verður að koma í ljós hvernig innlánsstofnanir geta búið við ríkjandi vaxtakjör, því að annars er hætt á að dregið verði úr því trausti sem tekist hefur að skapa á dvínandi verðbólgu á þessu ári.

Halda verður fast við núgildandi vaxtakjör á óverðtryggðum lánnum þar til ljóst er orðið, að þau auki peningalegan sparnað og dragi úr eftirspurn eftir lánsfé. Hins vegar kann að vera nauðsynlegt að samræma lánakjör verðtryggðra og óverðtryggðra útlána banka og fjárfestingalánasjóða. Jafnframt verður haldið áfram viðleitni til þess að gera spariskírteini ríkissjóðs aðlaðandi kost til ávöxtunar fjár. Allt kapp verður á það lagt að auka innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs á næstunni í því skyni að ekki þurfi að nýta til fulls þær heimildir til erlendrar lántöku sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Auk breytinga á endurkaupareglum og samræmingar vaxta er í þessu frv. lagt til að Seðlabankinn fái heimild til að beita, með samþykki ríkisstjórnarinnar, sérstakri bindiskyldu gagnvart innlánsstofnunum, er nemi allt að 10% af innlánnum, auk þeirrar bindiskyldu sem fyrir er. Fé sem þannig yrði bundið í Seðlabankanum í hagstjórnarskyni er alls ekki mótvirði útlána eða endurkaupa. Beiting þessarar heimildar yrði sveigjanleg eftir aðstæðum og fyrst og fremst er hennar þörf þar til aðlögun að lægra verðbólguástigi er gengin um garð og meira má treysta á vaxtaákvæðanir til þess að koma á jafnvægi á lánamarkaði.

Í endurskoðaðri áætlun um afkomu ríkissjóðs 1984 frá því í marsbyrjun var talið að rekstrarhalli ríkissjóðs gæti án nokkurra aðgerða numið 1 910 m. kr. (sjá fylgiskjal 3). Með þeim aðgerðum sem í þessu frumvarpi felast eru horfur á því að rekstrarhalli ríkissjóðs fari ekki yfir 1 045 m. kr.

Í eftirfarandi yfirliti eru dregnar saman niðurstöður áætlunar þessa frumvarps um afkomu ríkissjóðs með aðgerðum í ríkisfjármálum og samanburður sýndur við fjárlög 1984.

	Fjárlög 1984	Áætlun frumvarps
<b>Tekjur</b> .....	17 895	18 525
<b>Gjöld</b> .....	18 301 <sup>1)</sup>	19 570
	– 406	– 1 045
<b>Lánahreyfingar:</b>		
Útstreymi; afborgun lána o. fl. ....	–1 228	– 1 350
Viðskiptareikningar; útstreymi .....	– 20	– 100
Fjárförf alls .....	1 654	2 470
Frá dregst: innheimtar afborganir .....	– 110	– 110
Lántaka .....	1 544	2 385
p. a.		
— innlend fjáröflun .....	945	765
— erlend fjáröflun .....	605	1 620

1) Viðbót í lánsfjárlögum 17 m. kr. vegna flugmálastjórnar.

Tekjuhlið fjárlaga er talin taka nokkrum breytingum. Fyrst ber að nefna að með ákvæðum um tekju- og eignarskatt í lögum nr. 7/1984 var breytt frá áætlun fjárlaga og er talið að sú ráðstöfun auki tekjur ríkissjóðs um 70 m. kr.

Áhrif kjarasamninga á tekjur ríkissjóðs eru metin þannig að tekjur aukist um 200 m. kr. á árinu 1984 vegna aukins kaupmáttar og meiri innlendrar veltu. Jafnframt benda niðurstöður ársins 1983 og innheimta 1. ársfjórðungs 1984 til þess að tekjur aukist nokkuð. Þá er gert ráð fyrir hertu eftirliti með skattskilum veltuskatta. Samtals er áætlað að tekju- auki ríkissjóðs af þessu nemi um 425 m. kr. frá áætlun fjárlaga.

Binding á hlut Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tekjum af tolli og söluskatti er talin auka ríkissjóðstekjur um 35 m. kr. og tekjur af fóðurbætisgjaldi eru áætlaðar 60 m. kr. Ákvæði frumvarps þessa um greiðslu tekjutengds barnabótaauka mun lækka innheimtar tekjur ríkissjóðs um 160 m. kr. eins og skýrt er sérstaklega í athugasemdum við hlutaðeigandi greinar.

Alls er því gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 630 m. kr.

Með fyrirhuguðum aðgerðum á gjaldahlið fjárlaga eru horfur á að heildargjöld A-hluta ríkissjóðs verði 19 570 m. kr.

Aukin útgjöld ríkissjóðs vegna hækkunar launa og almannatryggingabóta sem af kjarasamningum leiðir eru talin um 220 m. kr. umfram áætlun í fjárlögum. Gjöld sem ekki var að fullu gert ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga eru áætluð 646 m. kr. og ber þar helst að nefna framlag til almannatrygginga og kostnað við grunnskóla og embætti sýslumanna og bæjarfógeta.

Við afgreiðslu fjárlaga var áformað að ýmsum útgjöldum yrði létt af ríkissjóði. Þannig má nefna um 300 m. kr. sem draga átti úr framlögum til almannatrygginga og er enn gert ráð fyrir að svo verði gert.

Horfur eru nú á að greiðslur vegna útfluttra landbúnaðarvara verði mun meiri en nemur fjárlagatölum eða 188 m. kr., og er þetta sérstaklega skýrt í athugasemdum við 3. gr.

Í tengslum við lausn kjaradeilu VSÍ og ASÍ gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu um sérstakar bætur til þeirra tekjulægstu að fjárhæð 300–325 m. kr. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir sérstakri hækkun barnabóta sem nemur 160 m. kr. en sérstök hækkun bóta lífeyristrygginga til hinna lægstlaunuðu er talin kosta ríkissjóð 190 m. kr. Hér er þannig lagt til að nokkru



meira fé verði varið til þess að lagfæra kjör hinna lakast settu en fólst beinlínis í tillögum ASÍ og VSÍ. Ástæðurnar eru tvær: Í fyrsta lagi þótti ekki fært að ákveðnar þjóðfélagsstéttir ættu ekki rétt á barnabótaauka án tillits til tekna eða eigna. Í öðru lagi þótti það sanngirnismál að rétta hlut hinna tekjulægstu í hópi lífeyrispega á líkan hátt og gert var við starfandi fólk með sérstakri hækkun lágmarkstekna fyrir fulla dagvinnu.

Ljóst er nú að ýmsar ábyrgðir sem ríkissjóður hefur veitt kunna að falla á Ríkisábyrgðasjóð. Hér má nefna ábyrgð vegna loðnudeildar Verðjöfnunarsjóðs frá 1981 og ábyrgðir veittar Flugleiðum hf. Áformað er að skuldbreyta umræddum lánnum alls að fjárhæð 240 m. kr. Þá hafa útgjöld margra stofnana verið endurmetin og nemur útgjaldaauki vegna þessa um 300 m. kr.

Jafnhliða endurskoðun á tekjum og gjöldum ríkissjóðs hafa ýmsir þættir lánsfjárlaga verið endurmetnir. Horfur eru á að afla verði erlendra lána til þess að mæta greiðsluvanda A-hluta ríkissjóðs svo og vegna brests í innlendri lánsfjáröflun sem nú er talin verða. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að afla heimilda til erlendar lántöku A-hluta ríkissjóðs. Alls er leitað heimildar til 1 015 m. kr. lántöku, þar af 302 m. kr. vegna brests í innlendri lántöku.

Sýnt þykir að lánsfjáröflun til húsnæðislána sjóðanna verður önnur en stefnt var að í lánsfjárlögum. Má t. d. ætla að lánveitingar Atvinnuleysistryggingasjóðs verði engar en það þýðir 115 m. kr. lækkun frá áætlun og 75 m. kr. vanti á skyldusparnað ungmenna. Við afgreiðslu lánsfjárlaga féll niður lántökuheimild vegna Hitaveitu Rangæinga að fjárhæð 11 m. kr. og er tillit til þess tekið í frumvarpi þessu.

Lánsfjárbörf atvinnuveganna hefur verið endurmetin og er áformað að auka lántökur þeirra um 680 m. kr. Leitað er heimildar til handa Framkvæmdasjóði til erlendar lántöku í þessu skyni.

Yfirlit um lántökur er sýnt á fylgiskjali 1. Þar kemur m. a. fram að hlutfall erlendra skulda af þjóðarframleiðslu í árslok 1984 er áætlað 59,6%.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lækkun ríkisútgjalda um 370 m. kr. skiptist þannig á einstök ráðuneyti:

	Í m. kr.
Forsætisráðuneyti .....	6
Menntamálaráðuneyti .....	25
Utanríkisráðuneyti .....	2
Landbúnaðarráðuneyti .....	5
Sjávarútvegsráðuneyti .....	11
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....	40
Félagsmálaráðuneyti .....	5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....	5
Fjármálaráðuneyti .....	45
Samgönguráðuneyti .....	25
Iðnaðarráðuneyti .....	14
Viðskiptaráðuneyti .....	187
Alls	370

Einstök ráðuneyti munu gera tillögur til fjármálaráðherra um skiptingu útgjaldalækkunar á einstaka fjárlagaliði.

Um stærsta liðinn hér að framan er rétt að nefna, að ákveðin hefur verið lækkun niðurgreiðslu búvöruverðs um 185 m. kr. frá því sem fjárlög heimila, en niðurgreiðslur eru í umsjá viðskiptaráðuneytis. Þessi lækkun niðurgreiðslna kemur til framkvæmda 7. maí.

Um 2. gr.

Á fjárlögum fyrir árið 1984 eru veittar 400 m. kr. til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Að auki er gert ráð fyrir að lántökur sjóðsins nemi 258 m. kr. Af ákvæðum greinarinnar má ráða að útlánareglur sjóðsins verði að miða við fjármagn það er hann hefur til ráðstöfunar.

Um 3. gr.

Fjárlög ársins 1984 gera ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til uppþóta á útfluttar landbúnaðarafurðir að fjárhæð 280 m. kr. Áætlað er nú að heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu verðlagsársins nemi um 4 500 m. kr. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 95/1981 um Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tryggja greiðslu til bænda fyrir útflutning landbúnaðarvara miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu viðkomandi verðlagsárs.

Samkvæmt framansögðu mun bótapörf vegna verðlagsársins 1983—1984 nema 450 m. kr. Hluta af útflutningi vegna verðlagsársins 1982—1983 var frestað fram yfir s. l. áramót og nema greiðslur á árinu 1984 vegna þess útflutnings 18 m. kr. Greiðslur umfram tölur fjárlaga munu því að líkindum nema 188 m. kr. Lagt er til að aflað verði 60 m. kr. tekna með gjaldi á kjaranfóður til að greiða hluta þessara útgjalda, sbr. ákvæði 22. gr. frumvarpsins. Ákvæði greinarinnar miða og að því að heildargreiðslur á árinu 1984 verði eigi hærri en 468 m. kr.

Um 4.—6. gr.

Samkvæmt lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga er Tryggingastofnun ríkisins falið að greiða meðlög, sbr. lög nr. 67/1971.

Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá barnsfeðrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt. Þá er í nefndum lögum kveðið á um uppgjör Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins á greiðslum meðlaga.

Í árslok 1983 nam skuld Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins 150,5 m. kr. en skuld þessi hefur myndast annars vegar vegna þess að innheimta Innheimtustofnunar sveitarfélaga er látin ganga til greiðslu meðlaga síðasta árs og hins vegar er endanlegt uppgjör sveitarfélaga á greiðslu meðlaga síðasta árs innt af hendi 1. október ári síðar. Með þessari uppgjörsaðferð, sem er í samræmi við núgildandi lög og reglugerð nr. 214/1973, fjármagnar Tryggingastofnun ríkisins um 90% af greiðslum meðlaga hvers árs, en heildargreiðslur vegna meðlaga á árinu 1983 námu 167,4 m. kr. og áætlað er að þær nemi 213,0 m. kr. á árinu 1984.

Lagt er til að innheimtum meðlögum Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði skilað til Tryggingastofnunar ríkisins mánaðarlega en Innheimtustofnunin endurgreiði Tryggingastofnuninni að fullu innan tveggja mánaða frá því meðlag var greitt.

Um 7. gr.

Í fjárlögum fyrir árið 1984 var gert ráð fyrir því að ýmsum kostnaði tengdum rekstri skóla yrði létt af ríkissjóði og tækju sveitarfélög að sér að greiða hann. Þar sem sveitarfélög telja sig bundin af fjárhagsáætlunum fyrir árið 1984 og eigi hafa svigrúm til tekjuöflunar hefur þessum áformum verið frestað. Þess í stað er gert ráð fyrir að ríkissjóður njóti góðs af þeirri hækkun sem verða kann á tekjum af söluskatti og tollum sem að óbreyttum lögum hefði runnið til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Torvelt er að meta áhrif þessa af nákvæmni en líklegt má telja að hér geti orðið um 30—40 m. kr. að ræða á árinu 1984.

Um 8. gr.

Í tillögu frv. felst einkum að atvinnurekendur beri yfirleitt sjúkratryggingarkostnað 14 fyrstu veikindadagana í stað 10 nú, enda hafi launþegi verið óvinnufær 21 dag í stað 14 áður. Áætlað er að þessi breyting spari almannatryggingum 25 m. kr. á ári.

Þessi lenging á biðtíma eftir sjúkradagpeningum mun fyrst og fremst minnka þann rétt sem atvinnurekendur eiga til sjúkradagpeninga. Í kjarasamningum er launþegum yfirleitt tryggður réttur til launa í allt að þrjár vikur verði þeir veikir.

Um 9. gr.

Í breytingu á orðalagi 1. másl. a-liðar 43. gr. felst að sjúkratryggingar geti hafnað reikningi læknis eða endurgreiðslu lækniskostnaðar til sjúklings, starfi viðkomandi læknir ekki samkvæmt samningi þeim sem gerður hefur verið við læknasamtökin.

Um 10. gr.

Með greininni er slegið föstu að sjúkratryggingum beri aðeins að greiða læknisþjónustu sérfræðinga, sem starfa samkvæmt samningi við sjúkratryggingarnar. Á það við hvort sem reikningur kemur beint frá sérfræðingi eða sem krafa sjúklings um endurgreiðslu.

Um 11. gr.

Grein þessi hefur þá breytingu í för með sér að Tryggingastofnun ríkisins eða sjúkrasamlög skuli því aðeins greiða tannlæknakostnað samkvæmt 44. gr. að fyrir liggja um það samningar við viðkomandi aðila, ella verða greiðslur ákvarðaðar samkvæmt gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra setur. Þá er það skilyrði sett að reikningar séu á reikningsformi, sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður.

Um 12.—15. gr.

12. gr. felur í sér að kostnaðarþátttaka almannatrygginga í gullfyllingum, krónu- og brúargerð og tannréttingu lækki úr 37,5% í 25% fyrir 6 til 15 ára börn og unglinga.

13. gr. felur í sér að kostnaðarþátttaka ríkisins í tannviðgerðum hvers konar fyrir 16 ára unglinga lækki úr 75% í 50%.

Í 14. gr. felst að kostnaðarþátttaka í tannréttingum unglinga eldri en 16 ára lækkar úr 75% í 50%.

Í 15. gr. er ákvæðum um þátttöku í tannviðgerðum aldraðra breytt en núgildandi ákvæði hljóða svo:

„Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega, eftir reglum sem tryggingaráð setur, í 75%, eða fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100%. Í 100% er með sama hætti einnig heimilt að hækka greiðslur fyrir vangefna, sem metnir eru 75% öryrkjar og njóta fullrar tekjutryggingar.“

Í heild er talið að þessar breytingar muni spara allt að 50 m. kr. á heilu ári.

Gert er ráð fyrir að allar almennar tannlækningar á börnum á grunnskólastigi verði eftir sem áður greiddar að fullu, til helminga af sjúkratryggingum og til helminga af sveitarfélögum. Langstærsti hluti þeirra tannlækninga, sem ekki er greiddur að fullu er vegna tannréttinga. Kostnaður vegna tannréttinga hefur hækkað úr hófi og þykir því rétt að einstaklingar beri meiri ábyrgð á kostnaði þessum en verið hefur. Er af þeim sökum gert ráð fyrir minni þátttöku sjúkratrygginga í kostnaðinum en verið hefur.

Það hefur hins vegar verið lengi ljóst að kostnaður vegna tannlækninga hefur verið ofviða elli- og örorkulífeyrisþegum, sem aðeins hafa bætur almannatrygginga sér til lífsviðurværis. Reynt er með þessu frumvarpi að rétta nokkuð hlut þeirra.

Um 16. gr.

Nýlega hefur Tryggingastofnun ríkisins gert samninga fyrir hönd sjúkrasamlaga við heimilislækna og sérfræðinga. Báðir fela samningar þessir í sér umtalsverðar breytingar frá eldri samningum. Helstu breytingar á samningi við heimilislækna eru þær að í stað númeragjalds, þar sem greitt er fyrir hvern samlagsmann, verða greiðslur til heimilislækna með svipuðum hætti og til heilsugæslulækna, en í því felst m. a. að greitt er fyrir hvert unnið læknisverk. Í samningi við sérfræðinga er m. a. gert ráð fyrir að leitað sé eftir undanþágu frá skilyrði b-liðar 43. gr. almannatryggingalaga um tilvísanir heimilis- eða heilsugæslulækna til reynslu út samningstímamann eða til 1. apríl 1985. Er talið að tilvísanakerfið hafi í framkvæmd reynst gallað og ekki verið sú trygging gegn ofnotkun sérfræðingapjónustu sem því var ætlað og er í samningnum leitað nýrra leiða til að fyrirbyggja slíkt. Þykir rétt að láta á það reyna.

Að því er varðar tannlækna er ekki í gildi samningur við þá og er því nauðsyn á að útgjöld sjúkratrygginga ákvarðist af reglum sem heilbrigðisráðherra setur meðan samningar eru ekki fyrir hendi.

Um 17. gr.

Með ákvæði þessu er frestað um eitt ár því ákvæði grunnskólalaganna, að síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda haustið 1984. Frestur þessi hefur í för með sér sparnað á fyrirsjáanlegum útgjöldum ríkissjóðs vegna kostnaðar við námsbækur, rekstur mötuneyta o. fl. Sá kostnaður er áætlaður 10–12 m.kr. og hefði að meginhluta fallið á ríkissjóð á árinu 1984. Er þetta liður í þeim sparnaði sem um getur í 1. gr. þessara laga að því er mentamálaráðuneytið varðar.

Um 18.—21. gr.

Í tillögum aðila vinnumarkaðarins, dags. 21.02.1984, sem forsætisráðherra féllst á í meginatriðum með bréfi dags. sama dag, er gert ráð fyrir greiðslu tekjutengds barnabóta- auka. Er gert ráð fyrir að barnabótaaukinn verði sem hér segir:

Hjón og sambýlisfólk		Einstæðir foreldrar	
Tekjur 1983	Fjárhæð	Tekjur 1983	Fjárhæð
0 — 220 þús.	12 000	0 — 150 þús.	12 000
221 — 370 þús.	6,67% lækkun f. hver 10 þús.	151 — 300 þús.	6,67% lækkun f. hver 10 þús.

Ekki er berlega tekið fram við hvaða tekjur er miðað. Í útreikningum mun hafa verið miðað við vergar tekjur til skatts. Það hugtak er hvergi skilgreint í lögum. Er því lagt til að miðað verði við útsvarsstofn en það er mjög hliðstæð stærð og er hann nákvæmlega skilgreindur í lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Í tillögum ASÍ og VSÍ virðist gengið út frá því að barnabótaaukinn lækki í stökkum við hverjar byrjaðar 10 þús. kr. viðbótartekjur. Er lagt til að hann lækki þess í stað jafnt og þétt um 8% af útsvarsstofni umfram 150 eða 220 þús. kr. Með þessu er komið í veg fyrir allar stökkbreytingar í barnabótaaukanum en heildarútkoman verður nánast hin sama hvor aðferðin sem er notuð.

Í tillögum ASÍ og VSÍ er gert ráð fyrir að „barnabótaaukinn verði útfærður þannig, að þeir skattgreiðendur fái hann ekki, sem hafa möguleika á framfærslu með öðrum hætti, svo sem vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, af eignum eða námslánum.“

Í tillögum aðila vinnumarkaðarins eru ekki nánari hugmyndir um útfærslu á þessu atriði. Til þess að komast hjá óeðlilegri mismunun milli manna eftir starfsstétt er hér lagt til að þessum tilgangi verði náð með því að binda rétt til barnabótaviðauka við það að eignir viðkomandi fari ekki fram úr ákveðnu marki, eins og segir í frv. greininni. Áætlað er að þessar tillögur um barnabótaauka muni valda 160 m. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð 1984.

Um 22. — og 24. gr.

Gert er ráð fyrir að á tímabilinu 1. júní — 31. desember 1984 verði sérstakt gjald lagt á fullunnar fódurblöndur og hráefni í fódurblöndur. Tollskrárnúmer sem upp eru talin í 22. gr. eru þau sömu og talin eru í reglugerð nr. 465/1983 og fylgt er við innheimtu kjarnfóðursgjalds. Önnur ákvæði 22. greinar eru í flestum atriðum sótt í nefnda reglugerð.

Áætlað er að tekjur af gjaldi því sem hér um ræðir muni nema 60 m. kr. og verður þeim varið til að greiða uppþætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Tekið verður tillit til þessa tolls við ákvörðun kjarnfóðursgjalds skv. reglugerð nr. 491/1981 til lækkunar.

Um 25. gr.

Með þessari grein er lagt til að Seðlabankinn fái að nýju sérstaka heimild til þess að binda fé innlánsstofnana almennt að fengnu samþykki ríkisstjórnar umfram það sem nú er ákveðið í lögum. Ákvæði hliðstætt þessu, en óbundið, var í gildi á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983. Tilgangurinn með þessu er að Seðlabankinn geti dregið úr útlánnum bankanna með sveigjanlegum hætti, en þá innan þeirra marka sem sett eru í greininni. Ákvæði þetta er tímabundið og fellur úr gildi í lok næsta árs, enda er reiknað með því að þá hafi ný bankamálalöggjöf tekið gildi, þar sem þetta ákvæði verði leyst af hólmi.

Um 26. gr.

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. þessa frumvarps ber Innheimtustofnun sveitarfélaga að endurgreiða Tryggingastofnuninni barnsmeðlög mun fyrir en til þessa hefur verið. Fé sitt sækir Innheimtustofnunin að hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og svo mun verða um allt það fé er til þarf til þess að örari greiðslur verði raunveruleiki. Jöfnunarsjóðnum er nauðsynlegt að dreifa þessari íþyngingu á nokkur ár. Leitað er eftir lántökuheimild til handa Jöfnunarsjóði að fjárhæð 150 m.kr. til þess að gera upp skuldir frá fyrri árum sem falla á Innheimtustofnunina.

Um 27. gr.

Leitað er eftir heimildum til lántöku er nemi 1 222 m. kr. eða jafnvirði þessarar fjárhæðar í erlendri mynt. Þessi fjárhæð skýrist þannig: 719 m. kr. vegna halla ríkissjóðs í samræmi við endurskoðun á gjöldum og tekjum, 302 m. kr. sem er áætlað að vanti á innlenda fjáröflun til A-hluta ríkissjóðs og 190 m. kr. sem ráðgert er að endurlána húsnæðiskerfinu í stað fjár er koma átti frá Atvinnuleysistryggingasjóði og skyldusparnaði ungmenna. Þá er áætlað að lána Hitaveitu Rangæinga 11 m. kr. til framkvæmda, en lánaheimild til þessa féll niður við afgreiðslu lánsfjárlaga 1984.

Um 28. gr.

Leitað er heimildar til erlendar lántöku Framkvæmdasjóðs í samræmi við endurskoðaða áætlun um lánsfjárþörf atvinnuvega. Fjárþörf í sjávarútvegi skýrir 300 m. kr. lántöku, skuldbreyting í landbúnaði 80 m. kr. Þá er ráðgert að afla 150 m. kr. vegna skipasmíðastöðva til viðhaldsverkefna á skipaflotanum og 150 m. kr. til nýsköpunar í atvinnulífinu.

## Fylgiskjal 1.

### Yfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1984 (í m. kr.).

	Innlend fjáröflun			Erlend lán	Alls
	Spariskírteini, verðbréfa kaup bankakerf. o. fl.	Lífeyris- sjóðir	Önnur innlend fjáröflun		
<b>1. Ríkissjóður</b>					
A-hluti .....	387 <sup>1)</sup>	120	258 <sup>2)</sup>	1 620	2 385
B-hluti .....	—	—	—	1 126	1 126
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs .....	—	—	—	1 064	1 064
Sveitarfélög .....	—	—	—	297 <sup>3)</sup>	297
Samtals	387	120	258	4 107	4 872
<b>2. Húsbyggingarsjóðir</b>					
Byggingarsjóður ríkisins .....	—	525	200	190	915
Byggingarsjóður verkamanna .....	—	165	—	—	165
Samtals	—	690	200	190	1 080
<b>3. Lánastofnanir</b>					
Framkvæmdasjóður Íslands .....	250 <sup>4)</sup>	110	—	1 332 <sup>5)</sup>	1 692
Iðnþróunarsjóður Íslands .....	—	—	—	50	50
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	—	18	—	—	18
Samtals	250	128	—	1 382	1 760
<b>4. Atvinnufyrirtæki</b>					
Sbr. lánsfjáráætlun '84 .....	—	—	—	1 000	1 000
Alls	637	938	458	6 679	8 712

1) Ný spariskírteini 200 m. kr., innheimt umfram innlausn spariskírteina 187 m. kr.

2) P. a. 122 m. kr. vegna 50% hækkunar lána Byggingarsjóðs ríkisins frá 1982 og 1983 sem verða endurlánaðar Byggingarsjóði ríkisins.

3) P. e. 11 m. kr. Hitaveita Rangæinga og 150 m. kr. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

4) Verðbréfa kaup bankakerfisins 250 m. kr.

5) Samkvæmt lánsfjárlögum 652 m. kr., viðbætur til atvinnuvega 680 m. kr.

### Staða þjóðarbúsins út á við í árslok (Í m. kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán	Nettóskuld við útlán	Staða í hlutfalli (%) af vergri þjóðarframl.		Greiddslubyrði (vextir og afb.) í % af útlutningstekjum
			Löng lán	Nettóskuld	
1980	4 623,1	4 248,9	34,4	31,6	14,1
1981	7 523,2	6 525,2	36,7	31,8	16,4
1982	14 904,7	15 008,7	47,8	48,1	21,2
1983 <sup>1)</sup>	32 125,0	31 120,0	60,6	58,7	20,6
1984 <sup>2)</sup>	37 500	...	58,9	...	21,0
1984 <sup>3)</sup>	39 550	...	59,6	...	21,0

1) Bráðabirgðatölur.

2) Lánsfjáráætlun 1984, VPF 63 660 m. kr.

3) Endurskoðuð áætlun 1984. Afar lausleg áætlun um VPF er að hún verði 66 300 m. kr.

## Horfur um verðlag og kaupmátt í ljósi ráðstafana í ríkisfjármálum í maíbyrjun 1984

Spá Þjóðhagsstofnunar um þróun verðlags tekna og kaupmáttar, sem reist var á forsendum fjárlaga fyrir árið 1984 (sbr. Ágrip úr Þjóðarbúskapnum nr. 1, janúar 1984), gaf þá niðurstöðu, að kaupmáttur kauptaxta myndi á árinu rýrna um 2% frá því sem var um sl. áramót. Eftir fjárlagaforsendum var þá gert ráð fyrir, að kauptaxtar allra launþega hækkuðu um 4% frá upphafi árs 1984 til meðaltals ársins en um 6½% frá upphafi til loka ársins. Að meðaltali voru kauptaxtar þannig taldir verða 13% hærri á árinu 1984 en að meðaltali 1983. Verðlag, mælt á kvarða framfærsluvísitölu, var talið hækka um 8—9% frá upphafi til loka ársins og verða að jafnaði á árinu 26—27% hærri en á árinu 1983. Eftir þessu var kaupmáttur kauptaxta talinn verða 10—11% lakari að meðaltali í ár en í fyrra og 4—5% lakari en á síðasta fjórðungi ársins 1983. Á hinn bóginn var reiknað með, að ráðstöfunartekjur einstaklinga ykjast nokkru meira en svaraði breytingum taxtanna einna, og því var kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna talinn verða um 9% lakari á mann í ár en í fyrra.

Horfur um þróun tekna og verðlags hafa nú verið endurskoðaðar, bæði í ljósi þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu til þessa, og með hliðsjón af þeim ráðstöfunum í ríkisfjármálum, sem ráðgerðar eru í frumvarpi þessu.

Endanlegt mat á kjarasamningunum er ekki fyrirbyggjandi. Tiltækar áætlanir gefa þá niðurstöðu, að meðalhækkun kauptaxta félaga innan Alþýðusambands Íslands hafi í fyrsta áfanga numið um 7%, en tekjuáhrif samninganna gætu þó reynst heldur meiri. Taxtar opinberra starfsmanna og bankamanna eru hins vegar taldir hafa hækkað um rösklega 5% í fyrsta áfanga samninganna. Meðalhækkun kauptaxta allra launþega ætti eftir þessum tölum að dæma að hafa verið um 6½% í fyrsta áfanga samninganna.

Samkvæmt þessu og þeim áfangahækkunum, sem um samdist að yrðu síðar á árinu, verða kauptaxtar allra launþega um 8% hærri að jafnaði á árinu en við upphaf þess og hækka um nær 12% frá upphafi til loka ársins. Auk þessa hækka taxtar um 3% 1. janúar 1985. Kauptaxtar allra launþega verða því rösklega 17% hærri að meðaltali í ár en í fyrra, en sambærileg tala fyrir ASÍ er um ½% hærri. Endurskoðun verðlagsspár á þessum forsendum og m. v. verðlagshækkunir á fyrsta þriðjungi ársins gæfi þá niðurstöðu, að framfærsluvísitala hækkaði um 11—12% frá upphafi til loka þessa árs og yrði að meðaltali á árinu rösklega 27% hærri en í fyrra. Kaupmáttur kauptaxta hefði eftir þessu að dæma haldist um það bil hinn sami á árinu 1984 og var á síðasta fjórðungi 1983, heldur lakari væri miðað við kauptaxta allra launþega en jafnvel aðeins skárri væri miðað við kauptaxta ASÍ. Vegna þeirrar rýrnunar kaupmáttar sem varð síðari hluta árs 1983 hefði kaupmáttur taxtanna orðið um 8% lakari að meðaltali í ár en í fyrra væri miðað við taxa allra launþega, en taxtakaup ASÍ-félaga um 7½% lakara en í fyrra.

Horfur eru nú á nokkru meiri framleiðslu og umsvifum innanlands en gert var ráð fyrir í upphafi ársins, einkum vegna þess að leyfa á meiri sjávarafla en áður var gert ráð fyrir. Á mælikvarða þjóðartekna gæti sá munur sem hér um ræðir numið um 1½%. Þessi viðbótarframleiðsla mun án efa koma fram í tekjum almennings og munurinn á aukningu tekna og taxa gæti því orðið nokkru meiri en áður var gert ráð fyrir. Núverandi áætlanir gera ráð fyrir 21% aukningu atvinnutekna milli árana 1983 og 1984 og svipaðri aukningu ráðstöfunartekna heimilanna. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefði samkvæmt þessu orðið um 6% lakari á mann á þessu ári en á síðastliðnu ári.

Í þessum áætlunum hefur þó ekki verið reiknað með áhrifum af þeim ráðstöfunum á sviði félagsmála sem afráðnar voru í tengslum við gerð kjarasamninga. Hér er um að ræða um 350 m. kr. útgjöld á þessu ári eða sem nemur tæplega 1% af ráðstöfunartekjum á árinu 1984.

Þær ráðstafanir í ríkisfjármálum sem nú hafa verið ákveðnar, meðal annars til að standa straum af ofangreindum félagsmálaútgjöldum, eru taldar valda um 1½% hækkun á framfærsluvísitölu í upphafi. Vísitalan er nú talin hækka um 13½—14% frá upphafi til loka ársins og verða 29% hærri að meðaltali á árinu en í fyrra. Verðbólgan í árslok, mæld sem þriggja mánaða breyting framfærsluvísitölu, virðist þó geta verið innan við 10%. Að jafnaði á árinu er verðlagshækkunin 1¼% meiri en verið hefði án aðgerða og meðalkaupmáttur kauptaxta og tekna yrði rýrari sem því næmi.

Eftir þessar aðgerðir eru horfur á, að kaupmáttur kauptaxta allra launþega verði að meðaltali í ár 1½% rýrari en á 4. ársfjórðungi 1983 og um 9% lakari en að jafnaði allt árið 1983. Fyrri helming þessa árs er kaupmáttur taxtanna litlu lægri en á síðasta fjórðungi ársins 1983 en síðari helming ársins yrði hann um 2% slakari. Á fyrsta fjórðungi næsta árs hækkar kaupmáttur taxtanna aftur og verður þá 1—1½% lakari en á síðasta fjórðungi ársins 1983, miðað við þær horfur sem hér hafa verið raktar. Kaupmáttur taxta ASÍ yrði þá tæplega 1% lakari en á síðasta fjórðungi ársins 1983.

Sú rýrnun kaupmáttar kauptaxta, sem hér er gert ráð fyrir, verður að hluta vegin upp með þeirri aukningu tilfærslutekna og skattalækkana sem ákveðnar hafa verið í tengslum við gerð kjarasamninganna. Sem fyrr segir er áætlað, að verðlag einkaneyslu hækki um 1¼% umfram það sem verið hefði án aðgerða. Á móti því koma áhrif félagsmálaútgjaldanna, sem metin eru tæplega 1% af ráðstöfunartekjum á almanaksárinu 1984, þannig að bein áhrif á ráðstöfunartekjur á árinu má meta sem ½% af tekjum. Til viðbótar má loks reikna með, að niðurskurður ríkisútgjalda eða tilfærslna geti haft nokkur áhrif á tekjur einstaklinga. Niðurstaðan verður því sú, að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði ½—¾% lakari til jafnaðar á árinu en verið hefði án fyrrgreindra ráðstafana og verði þannig um 6½% lakari á mann á árinu 1984 en á árinu 1983.

Sú rýrnun kaupmáttar ráðstöfunartekna heimilanna, sem hér er reiknað með, er lík því sem gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun á sl. hausti. Hins vegar hafa kjarasamningarnir og þær aðgerðir í félags- og skattamálum, sem ákveðnar voru í tengslum við samningana, haft talsverð áhrif á skiptingu ráðstöfunarteknanna. Kaupmáttur þeirra, sem notið hafa hækkunar lágmarkstekna í kjarasamningum, hækkunar lífeyrisbóta, einkum tekjutryggingar og mæðralauna, og hins sérstaka barnabótaauka hefur þannig hækkað og er hækkunin umtalsverð í sumum tilvikum. Einkum á þetta við þann hópinn, sem talinn hefur verið verst settur, tekjulág einstæð foreldri með þunga framfærslubyrði, eins og fram kemur í töflu 4. Þar kemur fram, að hinir tekjulægstu fá leiðréttingu umfram aðra tekjuþega, sem fyrir tekjulága einstæða foreldra nemur 18—23% en 7—8% fyrir tekjutryggingarþega.

Að endingu er rétt að benda á, að úrtaksathugun á skattframtölum einstaklinga 1984 bendir til þess að meðalhækkun atvinnutekna hafi verið heldur meiri 1983 en talið hefur verið, e. t. v. 58—59% í stað fyrri áætlunar um 55% hækkun. Í þessu gæti einnig falist ástæða til að hækka áætlanir um kaupmátt tekna 1984 nokkuð. Ef þessi frekari hækkun hefur orðið í ársins rás 1983, kæmi hún einnig að hluta fram 1984, e. t. v. svo næmi ½—1% á meðalkaupmátt þess árs. Enn er of fljótt að meta þennan þátt nánar. En í heild virðist ekki fjarri lagi að meðalkaupmáttur ársins 1984 verði svipaður eða lítið eitt lakari en var á síðasta fjórðungi ársins 1983.



Tafla 1.

**Spár um verðlag, tekjur og kaupmátt 1984**  
Breytingar á ári í prósentum

	Þjóðhags- áætlun í október 1983 %	Spá í janúar 1984 m. v. forsendur fjárlaga <sup>1)</sup> %	Spá í maíbyrjun Án aðgerða í félags- og fjármálum %	Eftir aðgerðir í félags- og fjármálum %
<b>I. Meðalbreyting milli ára</b>				
Kauptaxtar .....	15,0	13,0	17,2	17,2
Önnur tekjuáhrif <sup>2)</sup> .....	4,3	2,7	3,5	3,2
Atvinnutekjur í heild .....	20,0	16,0	21,1	20,8
Aðrar tekjur .....	25,0	22,0	26,0	28,5
Brúttótekjur alls .....	21,0	17,5	22,1	22,4
Ráðstöfunartekjur í heild .....	19,0	16,0	20,8	21,6
Verðlag einkaneyslu .....	26—27	26—27	27,2	28,9
Framfærsluvísitalan .....	26—27	26—27	27,2	28,9
<b>Kaupmáttur m. v. verðlag einkaneyslu</b>				
Kauptaxtar .....	-9	-10½	-7,9	-9,1
Ráðstöfunartekjur í heild .....	-6	-8	-5,0	-5,6
Ráðstöfunartekjur á mann .....	-7	-9	-6,0	-6,6
<b>II. Breyting frá upphafi til loka árs</b>				
Kauptaxtar <sup>3)</sup> .....	9½	6½	12	12
Meðalgengi .....	3	5	5	5
Innflutningsverð í krónum .....	6	8	8	8
Framfærsluvísitalan <sup>4)</sup> .....	9—10	8—9	11½	13½—14

**Athugasemdir:**

<sup>1)</sup> Sbr. Ágrip úr Þjóðarbúskapnum nr. 1, janúar 1984.

<sup>2)</sup> Fjölgun á vinnumarkaði, breytingar í atvinnuþátttöku, vinnutími, áhrif ýmissa sérákvæða og einstaklingsbundinna kjarabreytinga, tekjur sjómanna, bænda, sjálfstæðra atvinnurekenda o. fl.

<sup>3)</sup> Í forsendum Þjóðhagsáætlunar var gert ráð fyrir, að hækkun taxta frá árslokum 1983 til meðaltals 1984 yrði um 6%, en það svarar til 9—10% hækkunar á árinu öllu. Hins vegar var í forsendum fjárlaga gert ráð fyrir að hækkun frá áramótum til meðaltals 1984 yrði 4%, sem aftur svarar til 6—7% hækkunar á árinu öllu. Nýgerðir kjarasamningar fela í sér um 8% hækkun frá árslokum 1983 til meðaltals 1984, sem svarar til um 12% hækkunar frá upphafi til loka ársins 1984.

<sup>4)</sup> Verðbólgan í lok árs, mæld sem þriggja mánaða breyting framfærsluvísitölu, virðist mjög svipuð í báðum spánum í maíbyrjun, eða innan við 10%.

Tafla 2.

**Spár um þróun kaupmáttar kauptaxta 1984**  
Vísitölur

	Kaupmáttur kauptaxta allra launþega		Kaupmáttur kauptaxta ASÍ	
	Án aðgerða	Eftir aðgerðir	Án aðgerða	Eftir aðgerðir
<b>1983</b>				
4. ársfjórðungur .....	100,0	100,0	100,0	100,0
<b>1984</b>				
1. ársfjórðungur .....	99,8	99,8	100,1	100,1
2. ársfjórðungur .....	100,2	99,1	100,6	99,6
3. ársfjórðungur .....	99,8	97,8	100,2	98,3
4. ársfjórðungur .....	99,5	97,5	99,9	97,9
Meðaltal .....	99,8	98,5	100,2	99,0
<b>1985</b>				
1. ársfjórðungur .....	100,5	98,7	100,9	99,1

Aths. Taflan sýnir eingöngu þróun kaupmáttar kauptaxta. Líklegt má telja að vísitala kaupmáttar tekna 1984 sé ívið hærri en taxta.

Tafla 3.

**Yfirlit yfir verðlags- og tekjuáhrif aðgerða í ríkisfjármálum í maíbyrjun 1984**

	Áhrif á framfærslu- vísitölu %
1. Lækkun niðurgreiðslna um 185 m. kr. 1984 frá maíbyrjun .....	0,7
2. Aukin þátttaka almennings í lyfja- og lækiskostnaði .....	0,6
3. Nýtt innflutningsgjald af kjarnfóðri, skv. frumvarpinu .....	0,1
Samtals, upphafsáhrif .....	1,4
Samtals, áhrif á meðalverðlag 1984 .....	1¼

Auk þeirra verðlagsáhrifa, sem hér eru tíunduð, gæti lækkun ríkisútgjalda á ýmsum sviðum haft nokkur áhrif á ráðstöfunartekjur heimilanna. Slík áhrif verða ekki metin með góðu móti að svo stöddu en afar lauslega mætti gera ráð fyrir að þau svöruðu til ½% af ráðstöfunartekjum á heilu ári en um ¼% á árinu 1984. Samkvæmt þessu yrðu kaupmáttaráhrif af verðlags- og tekjubreytingum vegna aðgerðanna um 1½% á árinu 1984, en á móti vega áhrif aðgerða í félags- og skattamálum, sbr. töflu 4, tæplega 1% af tekjum.

Tafla 4.

## Yfirlit yfir áhrif aðgerða í félags- og skattamálum í tengslum við gerða kjarasamninga 1984

	Útgjaldaauki/ tekjumissir ríkissjóðs á árinu 1984 M. kr.	Hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna í heild, miðað við heilt ár %
1. Breytingar bóta lífeyrstrygginga .....	190	0,6
2. Sérstakur barnabótaauki .....	160	0,4
Samtals	350	1,0

Tafla 5.

Dæmi um áhrif launabreytinga í kjarasamningum í febrúar 1984 og tengdra aðgerða í félags- og skattamálum<sup>1)</sup>

	A. Einstætt foreldri á lágmarkslaunum með 1 barn á framfæri (yngra en 7 ára)			B. Einstætt foreldri á lágmarkslaunum með 2 börn á framfæri <sup>2)</sup>		
	Kr. á mánuði			Kr. á mánuði		
	Fyrir samninga og aðgerðir	Eftir samninga og aðgerðir	Breyting %	Fyrir samninga og aðgerðir	Eftir samninga og aðgerðir	Breyting %
Laun .....	10 961	12 660	15,5	10 961	12 660	15,5
Mæðralaun .....	513	1 263	146,2	1 809	3 309	82,9
Meðlag .....	1 615	2 015	24,8	3 230	4 030	24,8
Barnabætur .....	1 500	2 500	66,7	2 500	4 500	80,0
Samtals .....	14 589	18 438	26,4	18 500	24 499	32,4

  

	C. Ellilífeyrisþegi, sem ekki hefur tekjur frá öðrum en almanna-tryggingum (með fulla tekjutryggingu og heimilisuppbót)			D. Ellilífeyrisþegi með tekjutryggingu og heimilisuppbót hálfskerta vegna greiðslna úr lífeyrissjóði <sup>3)</sup>		
	Kr. á mánuði			Kr. á mánuði		
	Fyrir samninga og aðgerðir	Eftir samninga og aðgerðir	Breyting %	Fyrir samninga og aðgerðir	Eftir samninga og aðgerðir	Breyting %
Ellilífeyrir .....	3 157	3 378	7,0	3 157	3 378	7,0
Tekjutrygging .....	3 861	4 728	22,5	1 931	2 922	51,3
Heimilisuppbót .....	1 293	1 422	10,0	646	879	36,1
Lífeyrissjóður .....	—	—	—	7 189	7 548	5,0
Samtals .....	8 311	9 528	14,6	12 923	14 727	14,0

<sup>1)</sup> Dæmin sýna þá hækkun sem verður í fyrsta áfanga kjarasamninganna ásamt áhrifum hækkunar á bótum almennatrygginga í mars sl. og barnabótaauka samkvæmt frumvarpinu.

<sup>2)</sup> Annað barnið yngra en 7 ára.

<sup>3)</sup> Dæmið varðar einhleyping, sem hafði fyrir samninga og aðgerðir tekjur frá lífeyrissjóði, sem voru það háar, að tekjutrygging hans var skert að hálfu. Við hækkun fritekjumarks og lækkun skerðingarhlutfalls hækkaði tekjutrygging þessa einhleypings úr því að vera 50% af fullri bótafjárhæð í það að vera nær 62% af fullri tekjutryggingu.

**Fylgiskjal 3.**Fjárlaga og hagsýslustofnun  
Fjármálaráðuneytið, gjaldadeild**Endurskoðuð áætlun frá mars 1984 um afkomu A-hluta ríkissjóðs 1984**  
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárlög 1984	Endurskoðuð áætlun	Frávik
<b>Tekjur:</b>			
Beinir skattar .....	2 916	2 986	70
Óbeinir skattar og aðrar tekjur .....	14 979	15 404	425
<b>Tekjur alls .....</b>	<b>17 895</b>	<b>18 390</b>	<b>495</b>
<b>Gjöld:</b>			
Laun .....	4 911	5 240	329
Önnur rekstrargjöld .....	1 877	1 990	113
Viðhald .....	614	614	—
Vextir .....	840	920	80
Almannatryggingar .....	4 623	5 373	750
Niðurgreiðslur .....	945	945	—
Útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir .....	280	400	120
Niðurgreiðsla rafhitunar .....	230	310	80
Verðjöfnunargjald raforku .....	360	360	—
Lánasjóður ísl. námsmanna .....	400	500	100
Aðrar rekstrartilfærslur .....	922	1 101	179
<b>Samtals</b>	<b>16 002</b>	<b>17 753</b>	<b>1 751</b>
Frá dragast sértekjur .....	—519	—540	21
<b>Rekstur samtals .....</b>	<b>15 483</b>	<b>17 213</b>	<b>1 730</b>
<b>Framkvæmdaframlög:</b>			
Verklegar framkvæmdir og fjárfestingarstyrkir .....	1 829	1 829	—
Framlög til fjárfestingarlánasjóða og lánagreiðslna .....	989	1 258	269
<b>Samtals</b>	<b>2 818</b>	<b>3 087</b>	<b>269</b>
Útgjöld alls .....	18 301	20 300	1 999
Rekstrarjöfnuður .....	—406	—1 910	1 504
<b>Lánahreyfingar:</b>			
Útstreymi: Afborganir lána o. fl. ....	—1 228	—1 350	122
Viðskiptareikningar, nettó .....	—20	—100	80
Frá dragast innheimtar afborganir lána .....	110	110	—
<b>Samtals</b>	<b>—1 138</b>	<b>—1 340</b>	<b>202</b>
<b>Fjárbörf alls .....</b>	<b>1 544</b>	<b>3 250</b>	<b>1 706</b>